

**Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Október productions ehf. dagsett 6. maí 2019, um leyfi til drónaflugs og kvikmyndatöku innan friðlýstu svæðana Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Háalda, Hverfjall, Ingólfshöfði, Mývatn, Reykjanesfólkvangur, Skógafoss, Skútustaðargígar, Ströndin við Stapa og Hellnar og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Einnig fara tölur fram við Gunnhver, Reykjanesvita, Leirhnjúk og Námaskarð og hverina.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 457/1996. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Háalda er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 519/1975. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Hverfjall er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 1261/2011. Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Almennings er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Ingólfshöfði er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 388/1978. Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Skútustaðagígar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 399/1973. Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.

Ströndin við Stapa og Hellna er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 284/1988. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Gunnhver, Reykjanesviti, Námaskarð og hverir og Leirhnjúkur eru ekki friðlýst svæði en umsækjandi gæti þurft að sækja um leyfi til landeiganda fyrir tókum þar.

### ***Lýsing verkefnis:***

Um er að ræða drónatökur og tókur á jörðu niðri vegna heimildarmyndar þar sem náttúra Íslands er í hávegum höfð. Á öllum svæðum þar sem er um að ræða drónaflug er farið eftir takmörkunum á flugi yfir mannmergð frá Samgöngustofu. Undanþága hefur fengist frá Samgöngustofu til að fljúga í allt 400 metra hæð. Sótt er um að fljúga dróna og kvikmynda innan friðlýstu svæðanna Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Háalda, Hverfjall, Ingólfshöfði, Mývatn, Reykjanesfólkvangur, Skógafoss, Skútustaðargígar, Ströndin við Stapa og Hellnar og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Ráðgert er að mynda á jörðu niðri við Dettifoss og með dróna, ekki er búið að ákveða hvoru megin við fossinn myndataka fer fram en til öryggis hefur verið sótt um hjá bæði Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði. Lágmarksflughæð er 25 metrar en hámarkshæð upp að 400 metrum. Flogið verður í 50-100 metra fjarlægð frá fossinum sjálfum vegna vatnsúðans. Í Dimmuborgum er ráðgert að fljúga yfir gönguleiðina Litla hring frá norðri til suðurs. Einnig fara tókur fram á jörðu niðri. Flughæð drónans yfir Dimmuborgum verður 50-400 metrar. Við Dyrhólaey verður tekið á loft frá veginum sem liggur út í Dyrhólaey og flogið í kringum eyjuna sjálfa frá norðri og vestur fyrir í austurátt og drónanum lent á sama stað ef veður leyfir, annars verður reynt að taka á loft austan við Dyrhólaey og Dyrhólaós. Flogið verður í 200 metra fjarlægð frá fuglabjörgum. Á Geysissvæðinu er flogið yfir svæðið frá Geysi og suður yfir Strokk. Reglur um flug yfir fólki verða virtar. Lágmarksflughæð er 50 metrar og flogið upp í 200 metra. Við Gullfoss verður

flogið yfir fossinn sjálfan frá norðri til suðurs og eins fyrir framan fossinn verður flogið í sömu stefnu. Flughæð takmarkast af vatnsúðanum og umferð fólks. Hámarksflughæð væri 400 metrar en drónin færi aldrei neðar en 150 metra vegna umferðar fólks. Við Háöldu er flogið yfir jökulinn og fyrir framan Skeiðarárjökul. Við Hverfjall verður flogið í kringum fjallið sjálft í 25-400 metra hæð. Við Ingólfshöfða verður flogið í um 100-400 metra hæð í um 200 metra fjarlægð frá höfðanum og verður flogið hringinn í kringum hann réttsælis eða rangsælis, fer eftir aðstæðum. Þá verður flogið yfir höfðann sjálfan í um 400 metra hæð. Í Mývatnssveit verður flogið yfir Mývatn í háflugi frá Skútustöðum og inn á vatnið í norðurátt um það bil 500 metra frá landi. Innan Reykjanesfólkvangs fara tókur fram bæði á jörðu niðri og með dróna. Tökur færu fram við Kleifarvatn, Krísuvíkurbjarg og Seltjörn í þeirri fjarlægð sem reglur leyfa. Við Skógafoss verður flogið suður eftir Skógá og yfir fossinn í áttina suður frá gilinu og til baka. Ekki verður flogið inn í gilið heldur er farið upp og yfir fossinn áður en að gilinu sjálfu er komið. Byrjað verður að mynda í 25 metra hæð þegar flogið er yfir Skógaánni þegar komið er sunnan frá ánni en dróninn hækkar síðan flugið upp í 150-200 metra 200 metrum áður en komið er að gilinu framan við fossinn. Ofan við fossinn er svo lágflug. Þegar flogið er úr norðri er lágflug yfir ánni en hækkað upp í 150-200 metra áður en komið er að fossinum og flogið í þeirri hæð þar til komið er 200 metra framan við gilið áður en dróninn lækkar aftur flugið. Við Skútustaðargígja verður flogið norðan við Þjóðveginn yfir Kleifarhólstjarnir í átt að Urriðavík yfir Skipalæk, síðan suður í átt að Nautahver og tilbaka að Hræðuhver í kringum gígana. Sé um viðkvæman stað vegna fuglalífs og varps verður aldrei flogið nær svæðinu en 200 metra og flughæð haldið í 200 metrum. Við ströndina við Stapa og Hellna myndu drónatökur fara fram í um 200 metra fjarlægð frá bjarginu. Flogið verður í 200-400 metra hæð yfir Hellnahrauni. Byggðin við Hellnavík gæti þó slæðst með í tókunum. Innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls verða bæði drónamyndatökur og myndað á jörðu niðri á Djúpalónssandi. Verið er að fylgjast með vinnuflokki sem er að vinna við að leggja göngustíg við Djúpalónssand. Drónum verður flogið yfir vinnuflokkinum en ef varp er í nágrenninu verður drónum ekki flogið nær varpinu en 200 metrum.

### ***Umsagnir:***

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulsþjóðgarðs sem er fer með daglega umsjón með Dettifossi, Selfossi og Hafragilsfossi fyrir hönd Umhverfisstofnunar vegna drónaflugs við Dettifoss. Í umsögninni er ekki lagst gegn því að leyfi verði veitt en sett skilyrði um að haft sé samband við þjóðgarðsvörð sólarhring áður en flugið á sér stað, þeir sem komi að verkefninu klæðist áberandi einkenndum fatnaði eins og til dæmis gulum vestum og að leyfishafi hafi útprentað eintak af leyfinu meðferðis og geti framvísað því á staðnum ef þess er óskað.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur drónaflugið líklegt til að hafa neikvæð áhrif á lífríki í Dimmuborgum, Dyrhólaey, Ingólfshöfða, Skógafoss og Ströndinni við Stapa og Hellna. Mikilvægt er að farið sé að þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu og þeim fjarlægðar og hæðartakmörkunum sem tiltekin eru í skilyrðum og verkefnalýsingu til að minnka neikvæð áhrif flugsins. Ekki er talin hætta á að flugið hafi neikvæð áhrif á lífríki við Dettifoss, Geysi, Gullfoss, Háöldu, Hverfjall og Reykjanesfólkvang. Að mati stofnunarinnar mun flugið, til skamms tíma, hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta á flestum af þeim svæðum sem afstaða er tekin til í áhrifamatinu. Til þess að draga úr áhrifunum er lagt til að flugið fari fram á þeim tímum sem fæstir gestir eru á svæðunum sem er á morgnana og kvöldin.

**Skilyrði:**

Miðað við þau gögn sem liggja fyrir vegna drónaflugs við Mývatn og Skútustaðargígja sér stofnunin sér ekki fært að taka afstöðu til drónaflugsins þar að svo stöddu. Er afgreiðsla þess liðar umsóknarinnar frestað þar til öll gögn hafa borist. Miðað við verkefnalýsingu metur Umhverfisstofnun drónaflug og kvikmyndatökur innan friðlýstu svæðanna Háöldu og Reykjanesfólkvang ekki leyfisskyldar af hálfu stofnunarinnar. Stofnunin vill þó vekja athygli á 6. gr. laga nr. 60/2013 um almenna aðgæsluskyldu þar sem fram kemur að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll. Umhverfisstofnun veitir Október productions ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan friðlýstu svæðana Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Hverfjall, Ingólfshöfði, Skógafoss, Ströndin við Stapa og Hellnar og Djúpalónssandi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökull sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 31. maí til 11. júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst. Umsækjandi verður að get sýnt útprentað eintak af bréfinu sé farið fram á það.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs á svæðunum hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst á hverju svæði fyrir sig og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- **Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.**
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðinu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðana skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Við flugtak og landingu dróna skal þess gætt að það sé gert á svæði sem aðrir gestir svæðisins verði ekki fyrir ónæði og í 200 metra fjarlægð frá fuglabjörgum og öðrum mikilvægum varpsvæðum fugla.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum og öðrum mikilvægum varpsvæðum fugla á varptíma á öllum svæðum.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu snemma morguns eða að kvöldi til.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á

neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.

- Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari og þeir sem koma að tókunum klæðast áberandi merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi, til dæmis með gulu vesti.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.
- Óheimilt er að víkja út af fyrirhugðri flugleið við Litla hring í Dimmuborgum.
- Við Djúpalónssand skal koma fyrir merkingum um kvikmyndatökurnar ef margir gestir eru á svæðinu.
- Óheimilt er að fljúga inn í gjárnar á Ströndinni við Stapa og Hellna. Krúvarp er á svæðinu og er óheimilt að fljúga yfir það.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu og frágangi á svæðunum. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur